

Alþingi

Erindi nr. P/1121625

komudagur 9/3 1990

Vinnuveitendafélag Vestmannaeyja
Strandvegi 50, Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum 7. mars 1990

Sjávarútvegsefnd
Efri deildar Alþingis,
Stefán Guðmundsson, alm., form.,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Stjórn Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja hefur fjallað um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, sem Sjávarútvegsráðherra lagði nýlega fram á Alþingi.


Félagsmenn í Vinnuveitendafélagi Vestmannaeyja eru í öllum meginatriðum sammála markmiðum frumvarpsins. Við gerum okkur glögga grein fyrir því að nauðsynlegt sé að minnka fiskiskipastólinn til þess að gera reksturinn eins hagkvæman og mögulegt er. Þá lýsum við stuðningi við það megin sjónarmið að eitt kerfi gildi við úthlutun aflakvóta til fiskiskipa. Það eru einkun tvö atriði er við viljum benda á, er tengjast frumvarpinu og reglugerðum er því fylgja.


Hlutfall Eyjaskipa í sóknarmarki er mjög hátt miðað við aðra útgerðastaði á landinu. Fyrir liggur að veruleg aflskerðing verður hjá nokkrum Eyjaskipum þegar sóknarmark verður lagt niður. Við teljum ólílegt að nota hluta af gáma- og siglingaálagi til þess að bæt看 aflamark þeirra sóknarmarkskipa er verða fyrir mestri skerðingu þegar hátt verður með sóknarmark og öll skip fara yfir á aflamark, sem væntanlega verður í. janúar 1991. Þessar sérstöku sóknarmarkbætur getu fallið út á 2-3 árum og gengið þá inn í heildaraflamark allra fiskiskipa. Þá viljum við leggja áherslu á að nýsett reglugerð um vigtun sjávarafila gildi einnig um vigtun á gámafiski til útflutnings, og verði þessu komið á, eins fljótt og mögulegt reynist. Þegar búið verður að taka upp vigtun á gámafiski hér innanlands væri ekki óeðlilegt að lækka gámaálag um 5%.

Við leggjum mikla áherslu á að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi, svo hægt verði að hugsa til lengri tíma og stjórna fiskveiðum með þeirri hagkvæmni er nytt og betra kvótakerfi gefur möguleika á.

Virðingarfyllt,

Fh. stjórnar Vinnuveitendafélags Vm.


Björn Ulfljóttsson, form.


Arnar Sigurmundsson

END